

# Eystrahorn

27. tbl. 37. árgangur

Fimmtudagurinn 18. júlí 2019

www.eystrahorn.is

## Opnun fræðslustígs og ljósmyndasýningar við Jökulsárlón

Þann 3. júlí s.l. var fræðslustígur opnaður við Jökulsárlón. Verkefnið var styrkt af vinum Vatnajökuls og var unnið af starfsfólki Vatnajökulshjóðgarðs ásamt vísindamönnum, bæði hér í heimabyggð og annars staðar frá. Fræðslustígurinn samanstendur af 7 skiltum sem fjalla um náttúru, dýralíf, og landslag svæðisins. Áttunda skiltið er væntanlegt síðar.

Við sama tilefni var opnuð ljósmyndasýning með myndum Ragnars Th. Sigurðssonar. Sýningarstjóri er Axel Hallkell Jóhannesson og er sýningin styrkt af Vinum Vatnajökuls sem fagna 10 ára afmæli sínu í ár.

Við opnunina tóku til máls Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra og Theodór Blöndal formaður stjórnar Vina Vatnajökuls. Þá sögðu Helga Árnadóttir þjóðgarðsvörður á Suðursvæði og Steinunn Hödd Harðardóttir, aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar, frá tilurð fræðslustígsins.

Vatnajökulshjóðgarður vill nota tækifærið og þakka öllum sem komu að gerð fræðslustígsins fyrir aðstoðina, og einnig þakka Vinum Vatnajökuls fyrir óeigingjarnt starf í þágu Vatnajökulshjóðgarðs síðustu 10 árin.



Starfsfólk Vatnajökulshjóðgarðs við Jökulsárlón

## Vinnuskólaþing

Miðvikudaginn 10. júlí s.l. var haldið vinnuskólaþing í Nýheimum. Þar komu ungmennin saman sem eru í vinnuskólanum en þau voru 38 talsins og með þeim voru flokkstjórar og tómsfundafulltrúi. Tilgangur þingsins var að svara einni spurningu sem beint var til ungmennanna en spurningin var: Hvernig er hægt að gera vinnuskólann að draumavinnustað?

Ungmennin unnu í fjórum hópum en þau áttu samt að svara hvert fyrir sig svo við myndum fá sem breiðasta svörun. Mörgum fannst spurningin erfið og voru sátt við vinnuskólann eins og hann er, sem er gleðilegt fyrir okkur. Að lokum fengum við mörg svör sem hægt er að vinna úr fyrir næsta ár. Nokkur svör voru á þessa leið: Hærri laun – betri og fleiri verkfæri – að það verði leyfilegt að fara í Nettó eða sjóppur í pásam – að sleppa því að raka í roki og rigningu – að sveitarfélagið bjóði upp á köku og/ eða pizzu á föstudögum – fjölbreyttari verkefni.

Unnið verður úr niðurstöðum til að



reyna að bæta umgjörð vinnuskólans fyrir næsta sumar. Ég get samt ekki lofað því að það verði alltaf kökur og pizzur á föstudögum en að sjálfsögðu fengu ungmennin pizzur í lok vinnuskólaþingsins sem umbun fyrir vel unnin störf.

Ég vil þakka ungmennum vinnuskólans



sem og flokkstjórum fyrir skemmtilegt og áhugavert þing. Jafnframt vil ég þakka öllum fyrir vel unnin störf í sumar.

*Herdís I Waage  
Tómsfundafulltrúi*

Eystrahorn er komið í sumarfrí, næsta blað kemur út fimmtudaginn 15. ágúst

## Ólafsmessa

Tónleikar á Ólafsmessu  
Kálfafellsstaðarkirkja  
mánudaginn 29. júlí  
kl. 20:00.

- Helgistund.
- Sagt frá völvunni á Kálfafellsstað.
- Tónleikar. Magga Stína syngur bæði þjóðlög og lög við ljóð nokkurra þjóðskálda.
- Heimsókn að Völvuleiði ef veður leyfir.

Ókeypis aðgangur.



Sjá nánar á  
[www.thorbergur.is](http://www.thorbergur.is)



Sveitarfélagið  
**HORNAFJÖRÐUR**

## Lokað 1. - 9. ágúst

Afgreiðsla Ráðhússins verður lokað frá og með 1. ágúst til og með 9. ágúst vegna sumarleyfa.

Vegna brýnna erinda er hægt að senda tölvupóst á [afgreidsla@hornafjordur.is](mailto:afgreidsla@hornafjordur.is)

Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S. 4708000 / [www.hornafjordur.is](http://www.hornafjordur.is)



Sveitarfélagið  
**HORNAFJÖRÐUR**

## Umhverfisviðurkenningar 2019

Umhverfis- og skipulagsnefndi auglýsir eftir tilnefningum til umhverfisviðurkenningar 2019.

Umhverfis- og skipulagsnefnd auglýsir eftir tilnefningum, einstaklingi (um), félagasamstökum, stofnun, fyrirtæki og lögbýlum til sveita, sem hefur með athöfnunum sínum verið til fyrirmyndar og gert umgengni við náttúru og umhverfi að eðlilegum þætti í störfum sínum og rekstri eða hefur á annan hátt lagt mikið af mörkum til verndunar náttúru og umhverfis.

**Frestur til að tilnefna er til 13. ágúst**, tilnefningum skal skila á skrifstofu Ráðhúss Hafnarbraut 27, 780 Hornafirði eða á netfangið [bryndis@hornafjordur.is](mailto:bryndis@hornafjordur.is)

Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S. 4708000 / [www.hornafjordur.is](http://www.hornafjordur.is)



Sveitarfélagið  
**HORNAFJÖRÐUR**

## Endurskoðun afsláttar á fasteignaskatti til elli- og örorkulífeyrisþega

Við upphafsálagningu fasteignagjalda í febrúar síðastliðnum var afsláttur á fasteignaskatti til elli- og örorkulífeyrisþega reiknaður til bráðabirgða miðað við tekjuárið 2017. Nú þegar staðfest afrit af skattframtali vegna tekna ársins 2018 liggur fyrir hefur afslátturinn verið endurskoðaður og leiðréttur. Miðað er við allar skattskyldar tekjur samkvæmt skattframtali og sameiginlegar tekjur hjóna og samskattaðs sambýlisfólks. Endurútreikningur getur leitt til inneignar eða skuldar og verða allar breytingar tilkynntar bréflaga.

Á heimasíðu sveitarfélagsins [www.hornafjordur.is](http://www.hornafjordur.is) má sjá álagningarreglur 2019 ásamt reglum um afslátt fasteignaskatts. Skrifstofa sveitarfélagsins veitir jafnframt allar nánari upplýsingar í síma 470 8000.

*Ólöf I. Björnsdóttir,  
fjármálastjóri.*



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S. 4708000 / [www.hornafjordur.is](http://www.hornafjordur.is)

## Hópfimleikabjálffari

Fimleikadeild Sindra auglýsir eftir fimleikabjálffara sem hefur bakgrunn og áhuga á hópfimleikum. Viðkomandi þarf að geta stjórnað hópi og einnig verið hluti af þjálfarateymi. Viðkomandi þarf að geta tekið undir dýnstökk, trampolínstökk og ekki væri verra að viðkomandi kynni að hjálfa hópfimleikadans.



Deildin hefur cirka 140 iðkendur allt frá 2-16 ára og æfingaraðstaða er 7 km frá Höfn en iðkendur og þjálfarar fara með rútu eða einkabílum á milli.

Viðkomandi þarf að hefja störf 1. september og er þetta 9 mánaða starf. Um er að ræða 50% stöðu.

Upplýsingar sendist á [fimleikar@umfsindri.is](mailto:fimleikar@umfsindri.is) fyrir 31. júlí og með upplýsingum um menntun, vinnureynslu, þjálfarareynslu sem og meðmæli.

## Team gym coach

Sindri gymnastic club from Iceland is looking for teamgym coach. Employer will have a responsibility of groups and be a part of a coachteam. Coach has to be able to spot jumps on tumbling and trampette. Also be good to have some knowledge of teamgym floor and be able to coach floor but not necessary.

Sindri has around 140 kids at the club practicing gymnastic and are from 2-16 years old. Exercise facilities are 7 km from Höfn and the coaches and practitioners go with a bus or on a private cars from Höfn

The season is from 1. September until 22. May. Job is 50% Applications should be send to [fimleikar@umfsindri.is](mailto:fimleikar@umfsindri.is) before 31. July and include information on education, working experience and coaching experience as well as references.

## Eystrahorn

Svalbarð 5 • Sími: 848-3933

Útgefandi:..... HLS ehf.

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson  
Netfang: .....tjorvi@eystrahorn.is  
Prófar kalestur:..... Guðlaug Hestnes  
Úmbrot: ..... Tjörvi Óskarsson  
Prentun: ..... Litlaprent  
ISSN 1670-4126

## Vildaráskrift

Nýir vildaráskrifendur  
velkomnir í hópinn.

**HLS ehf.**

**Rnr. 0537-14-409068**

**Kt. 500210-2490**

# Áhugi fólks á íþróttum kviknar í bogfimi

„Áhugi á bogfimi hefur aukist mikið á landsvísu á síðustu sex árum. Hann er orðinn gríðarlegur. Ég hef haldið námskeið í bogfimi og kynningar um allt land. Á sumum stöðum sem ég hef komið til hefur fólk byrjað að æfa greinina,“ segir Indriði Ragnar Grétarsson, bogfimi- og bogveiðisérfræðingur. Hann er sérgreinastjóri í bogfimi, einni af þeim 20 greinum sem í boði eru á Unglingalandsmóti UMFÍ á Höfn í Hornafirði um verslunarmannahelgina. Indriði er þessa dagana að kanna áhugann á námskeiði í aðdraganda mótsins fyrir þátttakendur á Höfn í Hornafirði.

## Purfa ekki að eiga boga

Unglingalandsmótið hefst fimmtudaginn 1. ágúst og verður keppt í bogfimi eftir hádegið á laugardeginum. Tveir flokkar eru í boði. Annars vegar opinn aldurs- og kynjaflokkur þar sem strákar og stelpur 11-14 ára taka saman þátt og 15-18 ára líka. Þátttakendur í opna flokknum þurfa ekki að koma með eigin boga. Á hinn bóginn er líka lokaður flokkur fyrir jafn gamla keppendur. Þátttakendur í þeim flokki þurfa að koma með eigin boga.

Indriði byrjaði sjálfur að dúlla sér við bogfimi árið 2007 í gamni. Hann gekk í Skotfélagið Ósman í Skagafirði til að kaupa sér boga eins og vopnalög kveða á um. Áhuginn jókst og hann keypti sér fleiri boga. Ekki leið á löngu þar til Indriði var kominn með hlutverk hjá Skotfélaginu en hann tók á móti hópum fólks sem vildi læra meira um bogfimi af öllu landinu.

Hann vildi gera meira og fór svo að hann stofnaði bogfimideild innan Tindastóls árið 2013. Hann hefur síðan þá verið í forsvari fyrir deildina, verið ötull málsvari bogfimi á landsvísu og farið á þjálfaranámskeið bæði hér



heima, í Rúmeníu og víðar. Indriði segir börn og ungmenni hafa mikinn áhuga á bogfimi: „Iðkendur hafa komið og farið. Fyrir því geta auðvitað verið margar ástæður. Við tökum helst eftir því í bogfimideild Tindastóls og reyndar víðar að krakkar sem koma til okkar eru þeir sem finna sig ekki í öðrum greinum eins og boltaíþróttum og frjálsum,“ segir hann.

## Margir vilja keppa í bogfimi!

Keppt var í bogfimi í fyrsta sinn í bogfimi á Unglingalandsmóti UMFÍ á Sauðárkróki árið 2014. Indriði hélt um alla hnúta í greininni þar.

„Þarna skráðu sig rétt um 12 til leiks. Á Unglingalandsmóti UMFÍ í Þorlákshöfn í fyrra voru þátttakendur orðnir 68! Það er mikil fjölgun á aðeins fjórum árum! Mér var sagt að þetta hafi verið ein fjölmennasta einstaklingsgreinin. Þarna var ég sérgreinastjóri og var beðinn um að taka það aftur að mér á Unglingalandsmótinu á Höfn í Hornafirði.

## Íþróttir og tónlist alla helgina

Skráning er í fullum gangi á Unglingalandsmót UMFÍ á Höfn í Hornafirði um verslunarmannahelgina. Mótið er fyrir börn og ungmenni á aldrinum 11 - 18 ára sem vilja reyna með sér í fjölmörgum íþróttagreinum. Samhliða því er boðið upp á fjölbreytta afþreyingu, leiki og skemmtun fyrir alla fjölskylduna og alla aldurshópa. Þátttökugjald er 7.500 krónur. Fyrir það getur viðkomandi skráð sig í eins margar greinar og hann eða hún vill. Inni í gjaldinu er aðgangur að tjaldsvæði fyrir alla fjölskylduna og öll önnur afþreying á mótinu.

## Mikil gleði og margar greinar

Þátttakendur á Unglingalandsmóti UMFÍ þurfa hvorki að vera skráðir í ungmenna- né íþróttafélag. Ef viðkomandi vill taka þátt í hópíþrótt, knattspyrnu, körfubolta eða annarri grein en er ekki í liði þá er hann eða hún sett í lið með jafnöldrum sínum víða að af landinu. Með þessu móti er mótið vettvangur nýrra kynna og gleði þar sem allir hafa kost á að njóta þess að taka þátt í íþróttum og hreyfingu. Á mótinu er boðið upp á keppni í fjölmörgum greinum. Þær eru biathlon, sem margir þekkja sem hlaupaskotfimi, bogfimi, fimleikalíf og fimleikar, frísbíggolf, frjársar íþróttir, íþróttir fatlaðra, glíma, golf, götuhjólreiðar, knattspyrna, kökuskreytingar, körfubolti, motocross, pílukast, skák, stafsetning, strandblak, strandhandbolti, sund og upplestur. Í hverju ætla þú og fjölskylda þín að taka þátt? Alla dagskrána er hægt að sjá á vefsíðunni [www.ulm.is](http://www.ulm.is).

## AÐALFUNDUR

Aðalfundur Skógræktarfélags Austur Skaftafellssýslu verður haldin **mánudaginn 12. ágúst 2019 kl 20:00** að Víkurbraut 4, efri hæð (Salur Afls starfsgreinafélags)

Kaffi og heimabakkelsi í boði stjórnar  
Nýir félagar velkomnir

*Stjórnin*

### Dagskrá:

- Setning fundar og kosning fundarstjóra og ritara
- Skýrsla formanns
- Reikningar félagsins lagðir fram
- Kosning stjórnar
- Kolefnisjöfnun, fræðslufyrirlestur frá Skógræktarfélagi Íslands
- Önnur mál



**Sveitarfélagið  
HORNAFJÖRÐUR**

*Óskað er eftir starfsmönnum í félagsmiðstöðina  
Þrykkjuna*

**1. Forstöðumaður félagsmiðstöðvarinnar Þrykkjunnar í 70% starf.**

**Hæfniskröfur**

- Menntun á sviði tónstunda- og félagsmálafræði æskileg
- Reynsla af starfi með börnum og ungmennum
- Skipulögð, sjálfstæð og fagleg vinnubrögð

**Ábyrgðar – og starfssvið**

- Skipuleggur starf félagsmiðstöðvarinnar Þrykkjunnar í samvinnu við Þrykkjurráð og tónstundafulltrúa.
- Starfar með börnum og unglungum í félagsmiðstöðinni.
- Hefur samskipti við skóla, foreldra og félagsamtök vegna starfsemi félagsmiðstöðvar.
- Vinnur að forvörnum á breiðum grunni

**2. Fristundaleiðbeinandi í 30% stöðu í Þrykkjunni.**

- Kemur að skipulagningu tónstundastarfs og starfar með börnum og ungmennum á opnunartíma félagsmiðstöðvarinnar.
- Vinnur að forvörnum á breiðum grunni.

Umsækjendur þurfa að búa yfir ákveðinni festu, vera lípir í mannlegum samskiptum og hafa hreint sakavottorð.

*Umsóknarfrestur er til 07. ágúst 2019*

Skriflegar umsóknir ásamt ferilskrá, berist til Herdisar I. Waage tónstundafulltrúaá netfangið [herdisiw@hornafjordur.is](mailto:herdisiw@hornafjordur.is) sem jafnframt veitir frekari upplýsingar. s: 470 8000.



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hátnarbraut 22 / S: 4708000 / [www.hornafjordur.is](http://www.hornafjordur.is)

## Ísland ljóstengt

Unnið er að verkefninu Ísland ljóstengt hjá Sveitarfélaginu Hornafirði um þessar mundir. Framkvæmdir standa yfir á Mýrum og í kjölfarið munu framkvæmdir færast yfir í Nesin. Fyrir um tveimur árum var haldinn fundur þar sem ljósleiðaralagning var kynnt fyrir íbúum á Mýrum og í Nesjum. Leitað var eftir undirskrift landeigenda fyrir lagningunni ásamt því að íbúum var boðin þátttaka, þ.e. að tengjast ljósleiðaranum. Verkið var boðið út fyrir um ári síðan og Rósaberg fékk verkið. Í kringum sveitastjórnarkosningar 2018 var lítið gert og nú í apríl 2019 hófust framkvæmdir við lagningu ljósleiðarans á Mýrum. Framkvæmdir þar ganga vel og eru langt komnar. Í kjölfarið verður haldið áfram framkvæmdum í Nesjum. Undirrituð fór á nokkra bæi í Nesjum mánudaginn 1. júlí síðastliðinn ásamt skipulagsstjóra til að kynna stöðuna á verkefninu þar sem það hefur dregist um eitt ár. Ekki náðist að klára yfirferðina og því standa nokkrir bæir eftir. Sveitarfélagið er í samstarfi við Orkuframskipti um lagningu ljósleiðarans þar sem það er hægt og leggja þeir sinn eigin streng samhliða streng sveitarfélagsins. Lega strengsins var hönnuð af Mílu og er hægt að skoða lagnaleið á <http://map.is/hofn>, það þarf að haka í ljósleiðara hægra megin á síðunni.

Þeir sem eiga eftir að skrá þátttöku sína get nálgast eyðublöð þess efnis í afgreiðslu ráðhússins á opnunartíma þess sem er frá kl. 9-12 og 12:45-15. Kostnaður við hverja tengingu er 350.000 kr. án vsk. Verkefnið er hluti af átaki ríkisins „Ísland ljóstengt“ þar sem sveitarfélög gátu sótt um styrki til þess að leggja ljósleiðara í dreifbýli. Sveitarfélagið hefur einnig fengið styrk til þess að leggja ljósleiðara í Lóni og er stefnt að þeim framkvæmdum á næsta ári eða 2020.

Ef íbúar óska þess að fá frekari upplýsingar er hægt að hringja í afgreiðslu ráðhússins í síma 470 8000 eða senda tölvupóst á netfangið [matthildur@hornafjordur.is](mailto:matthildur@hornafjordur.is).

## Flokkstjóri þrifa

Skinney – Þinganes hf óskar eftir að ráða flokkstjóra þrifa.

Um er að ræða ábyrgðarstöðu í kvöld- og helgarvinnu. Miðað er við að vinna hefjist kl. 15:00.

Frekari upplýsingar veitir Gunnar Ásgeirsson vinnslustjóri í síma 470-8111 og í tölvupósti [gunnaras@sth.is](mailto:gunnaras@sth.is)




**Manstu eftir taupokanum?**

**ÞOKASTÖÐIN**  
Hornafjörður - Iceland

## SKAPANDI MARGMIÐLUNARSTOFA

Prívíddargrafík,  
umbrot og auglýsingagerð.

Hafðu samband:  
[tjorvi@upplausn.is](mailto:tjorvi@upplausn.is)

eða í síma  
848-3933.



# Samkomulag um kaup og rekstur sjúkrabifreiða

Sjúkratryggingar Íslands og Rauði krossinn á Íslandi hafa náð samkomulagi um framlengingu á samningi um kaup og rekstur sjúkrabifreiða. Heilbrigðisráðherra staðfesti samkomulagið við undirritun. Samkvæmt því mun Rauði krossinn áfram annast rekstur sjúkrabíla, viðhald og innkaup gegn árlegu fjárframlagi af hálfu ríkisins. Fyrirliggjandi samningur rann út í lok árs 2015 og hefur endurnýjun sjúkrabílaflotans tafist frá þeim tíma.

Í kjölfar samkomulagsins sem gildir til loka árs 2022 verður tafarlaust ráðist í kaup á 25 nýjum sjúkrabifreiðum samkvæmt útboði sem nú stendur yfir og vænta má þess að fyrstu bílarnir verði teknir í notkun á árinu 2020. Reiknað er með að stærsti hluti bílaflotans verði endurnýjaður á samningstímanum.

Svandís Svavarsdóttir, heilbrigðisráðherra: „Það er mikið fagnaðarefni að löngum viðræðum okkar við Rauða

krossinn á Íslandi hafi lokið með þessum farsæla hætti.

Rauði krossinn hefur sinnt þessu mikilvæga verkefni af fagmennsku og alúð allt frá því að fyrsti sjúkrabíllinn kom til landsins. Það er ánægjulegt að samstarf okkar við félagið haldi áfram. Af hálfu ríkisins hefur verið lögð áhersla á tryggja snurðulausan rekstur og ábyrga meðferð fjármuna til lengri tíma. Öllum ágreiningi hefur verið ýtt til hliðar og hagsmunir almennings og heilbrigðiskerfisins settir í forgang.“

María Heimisdóttir, forstjóri Sjúkratrygginga Íslands: „Það er ánægjulegt að hafa náð langþráðu samkomulagi um rekstur sjúkrabifreiða. Samstarf okkar og Rauða krossins hefur ávallt verið gott og við hlökkum til að ráðast nú í það verkefni að endurnýja bílaflotann og tryggja sjúkraflutningafólki og skjólstaðingum þess eins öruggar aðstæður og kostur er.“  
Kristín S. Hjálmtýsdóttir, framkvæmdastjóri Rauða



Svandís Svavarsdóttir og Kristín S. Hjálmtýsdóttir eftir undirritun og staðfestingu samkomulagsins

krossins á Íslandi: „Með þessu samkomulagi hefur tekist að jafna ágreining og framlengja það sameiginlega verkefni okkar og stjórnvalda að annast sjúkraflutninga í landinu. Rauði krossinn á Íslandi hefur nú

annast þessa þjónustu við góðan orðstír í hartnær hundrað ár. Sjúkraflutningaþjónustan er samofin sögu félagsins allt frá stofnun þess og við litum í senn hreykin um öxl og full tilhlökkunar fram á veginn.“

**UMFÍ**

**UNGLINGALANDSMÓT UMFÍ**

ÞAÐ VERÐUR GAMAN HEIMA Á HÖFN UM VERSLUNARMANNAHELGINA

Ertu búin/n að finna þína uppáhaldsgrein? Ætlaðu kannski að koma með okkur hinum og vinna við mótið?

Þú finnur allar upplýsingar um þessa frábæru gleði á Höfn á [www.ulm.is](http://www.ulm.is)

VERÐ-  
SPRENGJA!

# Afsláttur til félagsmanna

30% afsláttur af öllum vörum frá Sistema

Afsláttur gildir frá 18. - 21. júlí í öllum verslunum Nettó og Kjörbúðarinnar



**Nestisbox**  
1,2L m.hnífapörum

**1.027 kr**

Verð áður 1.467 kr



**Salatbox**  
1.1L

**867 kr**

Verð áður 1.239 kr

**Vatnsbrúsi**

Tritan Active  
800ml

**1.189 kr**

Verð áður 1.699 kr



**Vatnsbrúsi**  
Tritan quick

**1.189 kr**

Verð áður 1.698 kr

**-30%**

**Afsláttur af  
öllum vörum úr  
Sistema línunni**

**Samlokubox**  
450ml

**473 kr**

Verð áður 676 kr



**Vatnsbrúsi**  
460ml Twister

**699 kr**

Verð áður 999 kr

**Bento  
box**  
1,25L

**1.259 kr**

Verð áður 1.799 kr



**Nestiskubbur**

2 L m.  
jógúrtboxi

**909 kr**

Verð áður 1.299 kr



Hjá okkur getur  
þú borgað með  
Netgíró og skipt  
greiðslum eins  
og þér hentar!



netgíró

nettó

**KJÖRBÚÐIN**  
í næsta nágrenni